

S A M Þ Y K K T

13
5. marz

fyrir

Fiskiræktarfélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélagið Blanda. Heimili þess og varnarþing er í Bólstaðarhlíð.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að Blöndu og þverám hennar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að koma á laxveiði í Blöndu og ám, sem í hana falla, og auka hana sem mest, svo sem með aðflutningi seyða, klaki, friðun, eyðing sels og annars veiðivargs, og félagsskap um sameiginlega veiði félagsmanna að öllu eða nokkru leyti.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn; formaður sérstaklega kosinn og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum.

Ganga menn þannig úr stjórninni fyrstu árin: einn eftir eitt ár, en tveir eftir tvö ár eftir hlutkesti.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagssmaður getur skorazt undan stjórnarkosningu, nema lögmat forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Verði félagsveiði hefir stjórnin og með höndum framkvæmd og umsjón hennar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marz mánuði ár hvert. Skal hann boðaður félagsmönnum skriflega með þriggja vikna fyrirvara og sé félagsveiði ákveðin, verður að taka fram fyrirhugaðar breytingar á henni í fundarboðinu. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun um starfrækslukostnað félagsins á yfirstandandi ári, sem hún innheimtir eftir, og endurskoðaða reikninga hins liðna starfsárs til úrskurðar fundarins. Aðalfundur kys stjórn og tvo endurskoðendur reikninga, og ákveður þóknun til þeirra

13 ef þess er þörf, og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu. Afl atkvæða
5. marz ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykktinni og félagslit.

7. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar ásamt tilgreindu fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Árgjöld félagsmanna greiðast samkvæmt löggiltri gjaldskrá. Verði veiði á félagssvæðinu rekin í félagi af öllum hlutaðeigendum, skiptast tekjurnar eftir sömu hlutföllum og gjaldskráin tilgreinir. Gjaldskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

10. gr.

Gjalddagi tillaganna er 15. júlí og má taka þau lögtaki.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í félagssjóð. Ennfremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur samþykkir.

12. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

13. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap, þá er það heimilt ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja niður félagið með tveim þriðju — $\frac{2}{3}$ — atkvæðum félagsmanna. Skuldum eða eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Framanskráð samþykkt er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.